

Útdráttur.

Vinnuþrælkun barna er útbreitt vandamál í heiminum í dag, sérstaklega í hinum vanþróuðu ríkjum Afríku, Asíu og Mið- og Suður Ameríku. Hin þróuðu iðnríki fara þó ekki varhluta af þessu vandamáli. Samkvæmt tölum frá Alþjóðavinnuástandastofnuninni (skammstöfun ILO) sem birtust 2006, áætlaði hún að fjöldi vinnandi barna árið 2004 hefði verið um 218 milljónir og að meira en 60% af þessum börnum væru hneppt í vinnuþrælkun af verstu gerð. Á síðastliðnum tveim áratugum hefur orðið mikil vitundarvakning og athygli alþjóðasamfélagsins beinist nú í auknum mæli að þessu vandamáli sem hefur verið látið afskiptalaust allt of lengi. Það er gríðarlega umfangsmikið og margir samfélagslegir þættir eru fléttaðir saman, m.a. fátækt, menntunarskortur, splundrun fjölskyldna og veikindi foreldra. Á alla þessa þætti verður því að ráðast. Börn, allt niður í 5 ára gömul eru send út á vinnumarkaðinn vegna mikillar fátæktar og oft er um munaðarlaus börn að ræða. Aðildarríki ILO gerðu með sér sáttmála um tafarlaugar aðgerðir gegn og bann við, vinnuþrælkun barna af verstu gerð sem kom út árið 1999 og nefnist *C182 Worst Forms of Child Labour Convention, 1999*. Sérstök áætlun um hvernig sáttmálanum skuli framfylgt, sem nefnist *R190 Worst Forms of Child Labour Recommendations, 1999*, var einnig gefin út. Í sáttmálanum kemur fram hvaða tegund atvinnu telst hættuleg börnum samkvæmt ILO. Með staðfestingu sáttmálans, skuldbinda ríkin sig til að hefjast tafarlaust handa við að koma í veg fyrir og útrýma vinnuþrælkun barna í sinni verstu mynd. Ritgerð þessi fjallar um þetta vandamál almennt og verður leitast við að varpar ljósi á þau alþjóðalög, sáttmála og yfirlýsingar sem varða efnið.

Abstract.

Child labour is a widespread problem in the modern world, particularly in the undeveloped countries of Africa, Asia and Central- and South America. The developed industrial nations, though, are not deprived of the problem. According to statistics published by the International Labour Organization (ILO) in 2006, the number of working children was estimated at 218 million in the year of 2004, of which more than 60% were considered to be under labour of the worst kind. In the last two decades, enlightenment has increased and the international community has accorded its attention increasingly to this problem, which has been left unconcerned for far too long. Children down to the age of 5 are sent to the labour market by reason of excessive poverty, of which many are orphans. The problem is vastly extensive and various social factors are interwoven, such as poverty, lack of education, shattered families, diseases etc. All these factors must thus be dealt with.

The member states of the ILO made an agreement in 1999 on the immediate actions against and prohibition of child labour of the worst kind, named *C182 Worst Forms of Child Labour Convention, 1999*. A specific schedule on how to enforce the convention, called *R190 Worst Forms of Child Labour Recommendations, 1999*, was also published. The convention outlays the forms of labour which are, by the ILO, considered dangerous for children. By ratifying the convention, the contracting states obligate themselves to initiate immediate measures of eliminating the worst forms of child labour. This thesis deals with the problem of child labour in general and an endeavour will be made to shed light on the international law, conventions, treatises and declarations that apply to this matter.